

2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir íslandi, um einkaleyfi til að bræða lýsi úr þorskalifur til lækninga. 1866.  
10. janúar.

Í bænarskrá, sem hingað hefir borizt með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 4. nóvembermán. f. á., hefir Oddur Gíslason, kandídat í guðfræði í Reykjavík sökt um, að sér verði veitt 10 ára einkaleyfi til að bræða lýsi, er haft verði til læknингa, úr þorskalifur, með gufu, bæði á Íslandi og Færejum. Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann hefir sökt um.

- 
3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um ábyrgð fyrir ávísunarbréfum, 10. janúar.  
er tekjur af sýslum eru borgaðar með.

Í skjali, er fylgir í eptirriti með bréfi þessu, hefir sýslumaðurinn í Snæfellsnesssýslu, af því að hann er vanur að borga mikinn hluta af tekjunum af sýslunni, sem hann heimtar saman fyrir hönd ríkissjóðsins, í adalfárhírzlu ríkisins hér í bænum með ávísunarbréfum uppá verzlunarhús hér, spurt um, hvort hann eigi að hafa ábyrgðina á fē því, sem ávísunarbréfið hljóðar um, ef sá, sem á að greiða fēð, kynni að verða gjaldþrota og ekki geta borgað.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, herra amtmáður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að spurningu þessari ber að svara með jáyrði, og eruð þér um leið beðnir um að minna Böving sýslumann á það, sem tekið var fram í bréfi dómsmálastjórnarinnar 3. októbermán. 1864, að honum beri að senda amtinu fyrist brèf sín, þau er hann ritar stjórnarráðinu.